

109. Fundur í dómara nefnd 24. maí 2022 kl 18:00 í húsnæði ÍSÍ.

Mættir: Sigurður Óli Guðmundsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Sigurbjör Sævarsson, Björn Valdimarsson, Viktoría Gísladóttir, Lárus Lúðvík Hilmarsson.

Forföll: Bryndís Sigurðardóttir, Hilmar Örn Jónasson.

Fundarefni:

Sundmót sumarsins.

- SMÍ í Hafnarfirði - Ásvallalaug 18 - 19 júní 2022
- Sigurður Óli verður með utanumhald dómara á SMÍ.
- AMÍ í Reykjanesbæ - Vatnaveröld 24 - 26 júní 2022
- Viktoría er með utanumhald dómara á AMÍ.

Dómaranámskeið hvernig er best að haga námskeiðum er jákvætt að vera með námskeið á teams eða Zoom - hvaða aðstæður á að bjóða leiðbeinendum þegar farið er út á land að halda námskeið, skilyrði fyrir fjölda þátttakenda á námskeiðum ofl. *Dómara nefnd mun vinna tillögur að þessu efni fyrir haustið og leggja fyrir stjórn SSÍ.*

Sundmótahald - mönnun dómara frá sundfélögum/deildum sem taka þátt í keppnum. undanþágur fyrir yfirdómara á félagsmótum, hvaða tímar fást viðurkenndir á SSÍ mótum eftir félagsmót. *Dómara nefnd mun vinna tillögur að þessu efni fyrir haustið og leggja fyrir stjórn SSÍ.*

Einn dómari hefur áunnið sér næga punktafjölda til að færa úr nema í almenna dómara: Eva Ósk Ármannsdóttir – sundd. Ármanns.

Önnur mál.

Upp hefur komið tilfelli þar sem keppendur eru skráð inn á sundmót í röngum árgangi svo að keppandi geti keppt í greinum sem eru bundinn ákveðnum aldursflokkum. Hugsanlega er að keppendur frá sunddeild Ármanns og sundfélagi Óðins hafi brotið þessa reglu og óskum við eftir liðsinni SSÍ til að ganga úr skugga um að svo sé. Grunur um að brotinn hafi átt sér stað á Ármanns og ÍRB móti nú á vormánuðum.

Fundi slitið kl. 20:00